



Siðareglur Lýsi hf.

Siðareglur þessar taka til allrar starfsemi Lýsi hf. og gilda yfir alla starfsmenn, verktaka og stjórn félagsins. Siðareglur þessar innihalda leiðbeiningar fyrir starfsfólk og stjórn í sínum daglegum störfum.

Lög og reglur

Við virðum og fylgjum lögum og reglum sem varða starfsemi félagsins. Við fylgjum einnig innri reglum fyrirtækisins sem hafa verið settar og kynntar.

Umhverfið

Framleiðsla og vörugæði fyrirtækisins eru háð heilbrigðri stöðu fiskistofna. Því er virðing fyrir umhverfinu og íslenskri náttúru okkar hjartans mál. Lýsi hf. stendur vörð um lífríki hafssins og tekur því einungis við hráefni frá aðilum sem stunda sjálfbærar veiðar. Að sama skapi leggjum við áherslu á skilvirka endurvinnslu úrgangs og hámarks nýtingu hráefna með það að markmiði að hafa sem minnst áhrif á umhverfi okkar.

Mannauður

Hjá Lýsi starfar hæft og metnaðarfullt fólk sem leggur sig fram við að gera gott fyrirtæki enn betra. Gæði og hreinleiki afurða eru okkar einkunnarorð og störfum við sem ein heild við að þjónusta viðskiptavini okkar af ábyrgð og virðingu. Við tökum vel á móti nýju starfsfólki og stöndum skipulega að þjálfun þess.

Góðir viðskiptahættir

Í störfum okkar leggjum við áherslu á heiðarleika, ábyrgð og fagmennsku.

Við veitum hvorki misvísandi né blekkjandi upplýsingar um vörur fyrirtækisins.

Við störfum af heilindum og iðkum góða viðskiptahætti í hvívetna.

Samskipti

Samskipti okkar við viðskiptavini, birgja og samstarfsfólk byggjum við á heiðarleika og virðingu. Við berum virðingu fyrir keppinautum okkar og viðhöfum ekki niðrandi ummæli um vörur þeirra.



Við leggjum okkur fram við að eiga jákvæð og uppbyggjandi samskipti. Við sýnum tilfinningum, friðhelgi og einkalífi annarra virðingu. Við tökum ekki þátt í verkefnum eða samskiptum sem skaðað geta ásýnd og orðspor fyrirtækisins.

Við beitum ekki aðra einelti eða kynferðislegri áreitni og erum á varðbergi gagnvart slíkri háttsemi.

Við stuðlum að jafnrétti á vinnustaðnum og tökum tillit til ólíkra sjónarmiða.

Mútur

Við hvorki greiðum né þiggjum mútur. Við þiggjum hvorki persónulega greiða né gjafir sem geta haft áhrif á viðskipti okkar.